

Fimmtudaginn 9. október 1997.

Nr. 390/1996.

Gunnar Friðjónsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Myndstefi

(Knútur Bruun hrl.)

Höfundaréttur. Aðild. Málsóknarumboð. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði stórlega lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins á það rætur að rekja til þess, að sælgætisgerðin Núi-Síríus hf. lét gera sérstakar öskjur fyrir konfekt í tengslum við þjóðhátíð 1994 í tilefni fimmtíu ára afmælis lýðveldisins. Á loki þeirra var ljósmynd frá Þingvöllum, tekin af Guðmundi Ingólfssyni, og sérstakt merki þjóðhátíðarinnar, hannað af Jóni Ágústi Pálmasyni. Sælgætisgerðin aflaði heimilda til að nota ljósmyndina og þjóðhátíðarmerkið á þennan hátt og greiddi fyrir það þóknun.

Stefndi kveðst hafa orðið þess var í lok árs 1994, að dreift hafi verið í verslanir póstkorti, sem hafi verið nákvæm eftirgerð af loki fyrrnefndra konfektkassa, en á það hafi jafnframt verið skeytt myndum af fimm frímerkjum, sem voru gefin út í tengslum við þjóðhátíðina. Myndir af fjórum þessara frímerkja hafi verið settar hver í sitt horn á póstkortinu, en á þeim séu andlitsmyndir af Sveini Björnssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Kristjáni Eldjárn og Vigdís Finn- bogadóttur. Mynd af fimmta frímerkinu hafi verið neðan við miðju póstkortsins og á því mynd af Gísla Sveinssyni auk myndar af merki

lýðveldishátíðarinnar 1944. Frímerkin, sem hér um ræðir, hafi öll verið hönnuð af Presti Magnússyni, en merki lýðveldishátíðarinnar hafi hins vegar á sínum tíma verið hannað af Stefáni Jónssyni, sem nú sé látinn. Á póstkortið hafi verið ritað, að áfrýjandi væri höfundur þess, en einskis hafi verið getið um höfunda myndverkanna, sem hafi verið nýtt við gerð þess samkvæmt framansögðu. Áfrýjandi hafi ekki heldur aflað heimilda frá höfundum myndverkanna til að birta þau á þennan hátt á póstkorti.

II.

Stefndi, sem virðist einnig gegna heitinu Myndhöfundasjóður Íslands, fékk 17. september 1992 viðurkenningu menntamálaráðherra samkvæmt 2. mgr. 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 9. gr. laga nr. 57/1992, til að koma fram til gæslu réttinda myndhöfunda vegna birtingar á verkum þeirra. Í héraðsdómsstefnu kveðst stefndi höfða málið fyrir hönd Guðmundar Ingólfssonar, Prastar Magnússonar, Jóns Ágústs Pálmasonar og Stefáns Arnar Stefánssonar fyrir hönd erfingja Stefáns Jónssonar. Stefndi hefur lagt fram í málinu yfirlýsingar um umboð frá nefndum mönnum, þar sem segir meðal annars eftirfarandi: „Undirritaður myndhöfundur eða rétthafi myndverka framselur hér með til Myndstefs, Myndhöfundasjóðs Íslands, einkarétt til gæslu á notkunar- og birtingarrétti allra myndverka minna, sem þegar hafa verið birt. Tekur umboð þetta til hvers konar hagsmunagæslu varðandi höfundarrétt minn, hvort heldur um er að ræða sjónvarpsstöðvar eða sambærileg samtök myndhöfunda erlendis eða í þeim tilvikum, sem einstaklingar, félög eða opinberir aðilar nota einstök myndverk. Myndstef hefur umboð og einkarétt til að framkvæma hvaðeina til verndar höfundarhagsmunum mínum, þar með talið að semja um gjald fyrir afnot verka minna og innheimta þau, til málshöfðunar, til verndar höfundarhagsmunum mínum svo og til að framkvæma hvaðeina, er hér að lýtur og henta þykir.“

Þrátt fyrir fyrrnefnt orðalag í héraðsdómsstefnu verður að skilja málflutning stefnda fyrir Hæstarétti svo, að hann reki málið í eigin nafni og krefjist dóms um kröfur á hendur áfrýjanda sjálfum sér til handa, enda er það í samræmi við dómsorð héraðsdóms, sem stefndi krefst staðfestingar á. Kröfur stefnda fyrir Hæstarétti eru

þannig annars vegar um greiðslu á 200.000 krónum með nánar tilgreindum vöxtum, en höfuðstól dómkröfunnar sundurliðar stefndi með þeim hætti, að fyrrnefndir höfundar eða réttthafar eigi að fá í sinn hlut þóknun, að fjárhæð 15.000 krónur, fyrir hvert af þeim átta myndverkum, sem áfrýjandi birti á umræddu póstkorti, svo og miskabætur, að fjárhæð 10.000 krónur, vegna hvers myndverks, sem áfrýjandi hafi notað á þennan hátt í heimildarleysi. Hins vegar krefst stefndi þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að öll eintök af póstkortinu umdeilda, sem áfrýjandi hafi umráð yfir, svo og myndir og filmur af því verði gerð upptæk til stefnda án endurgjalds.

Líta verður svo á, að stefndi reki málið í þeim búningi, sem hér á undan er lýst, í skjóli málsóknarumboðs frá fyrrnefndum mönnum, sem telja rétti sínum hallað með umræddum gerðum áfrýjanda. Þegar gætt er að eðli þeirrar starfsemi stefnda, sem felst í gæslu hagsmuna höfunda og annarra réttthafa á tilteknu sviði lista vegna birtingar verka þeirra, og fyrirmælum í lögum og samþykktum stefnda, sem lúta að þessari starfsemi, ásamt því, að samsvarandi hagsmunagæsla samtaka hliðstæðra við stefnda í skjóli málsóknarumboðs hefur um langt skeið verið látin átölulaus í dómaframkvæmd, verður ekki litið svo á, að þessi háttur á málsókn sé óheimill, að því er varðar kröfur stefnda um þóknun fyrir birtingu myndverka. Varðandi heimild stefnda til að krefja áfrýjanda um miskabætur verður á hinn bóginn ekki litið fram hjá því, að forræði tjónþola á kröfu um slíkar bætur færist óhjákvæmilega að einhverju marki í hendur annarra með veitingu málsóknarumboðs. Framsal sem þetta á forræði tjónþola yfir kröfu um miskabætur er andstætt þeim grunnreglum, sem búa meðal annars að baki ákvæði 26. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt því verður að telja, að stefnda skorti lögmætt umboð til að krefjast í eigin nafni miskabóta úr hendi áfrýjanda með þeim hætti, sem gert er í málinu. Verður því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfum stefnda um miskabætur, að fjárhæð samtals 80.000 krónur.

Stefndi gerir, sem áður segir, kröfur í þágu Stefáns Arnar Stefánssonar fyrir hönd erfingja Stefáns Jónssonar vegna notkunar áfrýjanda á merki lýðveldishátíðarinnar 1944, sem stefndi kveður Stefán Jónsson hafa átt höfundarrétt að. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um,

hverjir séu erfingjar Stefáns Jónssonar, sem hér eigi í hlut, eða með hverri heimild Stefán Örn Stefánsson komi fram fyrir þeirra hönd. Er aðild að málinu að þessu leyti svo vanreifuð af hendi stefnda, að ekki verður komist hjá því að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfu um greiðslu á 15.000 krónum, sem stefndi gerir í þágu þessara rétt-hafa.

III.

Áfrýjandi kveðst telja sig listamann, sem hefur tekið saman verk annarra listamanna og raðað þeim upp, svo að úr verði það nýja, sjálfstæða verk, sem deilt er um í málinu. Njóti hann höfundaréttar að þessu nýja verki. Eins og málið liggur fyrir, er ekki þörf á að taka afstöðu til ágreinings aðila um þetta efni, enda myndi það ekki raska höfundarétti að frumverkunum, sbr. 5. gr. og 6. gr. höfundalaga, þótt áfrýjandi teldist hafa myndað úr þeim nýtt verk, sem hann nyti slíks réttar yfir.

Ágreiningslaust er, að ljósmyndin af Þingvallabænum sé eftir Guðmund Ingólfsson ljósmyndara. Myndin er afrakstur listrænnar sköpunar og telst því verk, sem háð er höfundarétti samkvæmt 2. mgr. 1. gr. höfundalaga. Sama á við um þjóðhátíðarmerki Jóns Ágústs Pálmasonar, sem gert var í tilefni fimmtíu ára afmælis lýðveldis á Íslandi.

Pröstur Magnússon teiknari er höfundur að frímerkjum þeim, sem áfrýjandi notaði við verk sitt. Á þeim eru meðal annars andlitsmyndir, sem hann málaði eftir ljósmyndum af fyrrverandi og þáverandi forsetum lýðveldisins og forseta sameinaðs Alþingis við stofnun lýðveldisins. Frímerkin eru árangur andlegrar sköpunar, sem ber vott um einstaklingsbundin höfundareinkenni. Því má telja frímerk-in háð höfundarrétti samkvæmt 2. mgr. 1. gr. höfundalaga, þótt umfang heimildanna, sem fylgja þessum rétti, kunni að takmarkast af því, að frímerki hafa öðru fremur hagnýtt gildi, óháð listrænu gildi þeirra. Í málinu hagar hins vegar svo til, að í myndverki áfrýjanda voru frímerkin ekki nýtt með skírskotun til hagnýts gildis þeirra, heldur til að skapa hluta af myndrænni heild. Réttur til gerðar eintaka í þessum tilgangi af myndverkum Prastar Magnússonar, sem frímerkin hafa að geyma, er því háður ákvæði 3. gr. höfundalaga.

Frímerkin voru gerð að beiðni Póst- og símamálastofnunar, sem

hafði samkvæmt 25. gr. þágildandi póstlaga nr. 33/1986 einkarétt á að gera og gefa út frímerki auk þess að njóta samkvæmt samningi við höfund alls birtingarréttar á frímerkjunum. Myndir þær, sem áfrýjandi lét gera og setti í verk sitt, eru fyrir utan þá notkun, sem Póst- og símamálastofnun átti rétt til samkvæmt þessu. Hafa því hugsanleg samskipti áfrýjanda við þá stofnun ekki getað veitt honum heimildir til að nýta frímerkin á þann hátt, sem um ræðir í málinu, en sú nýting er þannig skerðing á höfundarrétti Þrastar Magnússonar samkvæmt 3. gr. höfundalaga. Ákvæði 5. mgr. 25. gr. höfundalaga draga ekki úr broti áfrýjanda að þessu leyti. Sælgætisgerðin Núi-Síríus hf. fór ekki heldur með höfundarrétt að fyrrnefndum verkum Guðmundar Ingólfssonar og Jóns Ágústs Pálmasonar, sem birt voru á konfektöskjum hennar, og gat því ekki veitt áfrýjanda heimild til birtingar verkanna. Er nýting áfrýjanda á þessum verkum því jafnframt brot á rétti þeirra samkvæmt 3. gr. höfundalaga.

IV.

Með ofangreindum forsendum á stefndi rétt til greiðslu þóknunar handa viðkomandi rétthöfum fyrir notkun áfrýjanda á myndverkum þeirra. Umkrafin fjárhæð þóknunar er samkvæmt gjaldskrá stefnda frá árinu 1992 svo og gjaldskrá, sem hefur verið staðfest af menntamálaráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 423/1995. Ekki verður fallist á með áfrýjanda, að það sé andstætt 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, að stefndi geri slíka gjaldskrá og beiti henni. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að fjárhæð þóknunar samkvæmt gjaldskránni sé ósanngjörn, að því er varðar atriði, sem málið lýtur að. Þá eru ekki efni til að fallast á skýringu áfrýjanda á viðkomandi lið í gjaldskránni, þess efnis, að aðeins skuli greidd heildarþóknun, að fjárhæð 15.000 krónur, þótt tvö eða fleiri myndverk séu birt á póstkorti. Áfrýjandi verður því dæmdur til að greiða stefnda þessa fjárhæð vegna hvers af þeim sjö myndverkum, sem hann telst samkvæmt áðursögðu hafa nýtt sér í heimildarleysi, alls 105.000 krónur. Stefndi hefur ekki áfrýjað héraðsdómi fyrir sitt leyti, og verður því að staðfesta ákvæði hans um vexti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Í málinu hefur stefndi kafið áfrýjanda um greiðslu á skuld vegna

umræddrar notkunar myndverka, líkt og ef samið hefði verið um hana. Samkvæmt framansögðu er stefnda dæmd úr hendi áfrýjanda fjárhæð, sem gerir umbjóðendur stefnda eins setta fjárhagslega og ef slíkir samningar hefðu tekist á grundvelli gjaldskrár hans. Stefndi hefur kosið að ráðstafa sakarefninu á þennan veg fremur en krefja áfrýjanda um skaðabætur vegna réttarbrota í garð umbjóðenda sinna. Krafa stefnda um upptöku er í andstöðu við þessa ráðstöfun sakarefnisins, enda er krafan reist á ákvæði 1. mgr. 55. gr. höfundalaga, þar sem upptaka myndefnis er heimiluð á þeim grundvelli, að notkun þess feli í sér réttarbrot. Er því slíkt ósamræmi í kröfugerð stefnda að þessu leyti, sem er að auki ekki nægilega ákveðin, hvað varðar kröfu um upptöku, að ekki verður komist hjá að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi þeirri kröfu hans.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda verður óraskað. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Gunnar Friðjónsson, greiði stefnda, Myndstefi, 105.000 krónur með ársvöxtum af þeirri fjárhæð sem hér segir: 0,5% frá 1. mars 1995 til 11. maí sama árs, 0,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1996, 0,9% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 0,9% frá þeim degi til 21. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. maí sama árs, en 0,7% frá þeim degi til 28. sama mánaðar. Frá 28. maí 1996 til greiðsludags greiði áfrýjandi stefnda dráttarvexti af kröfu þessari samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Framangreindum kröfum stefnda á hendur áfrýjanda er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 125.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1996.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 1. mars 1995, til þingfestingar hér fyrir dómi 14. mars s. á. Það var dómtekið 17. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Myndstef, kt. 540891-1419, Þórsgötu 24, 101 Reykjavík, f. h. Guðmundar Ingólfssonar, kt. 280446-2979, Sólvallagötu 57, Reykjavík, Prastar Magnússonar, kt. 050343-4139, Ránargötu 31, Reykjavík, Stefáns Arnar Stefánssonar, kt. 140147-4519, Öldugötu 30, Reykjavík, f. h. erfingja Stefáns Jónssonar, og Jóns Ágústs Pálmasonar, kt. 211254-5999, Heiðarholti 31, Keflavík, en stefndi er Gunnar Friðjónsson, kt. 110637-3819, Ránargötu 50, Reykjavík.

Jón L. Arnalds héraðsdómari hafði málið til meðferðar á fyrri stigum þess, og fór aðalmeðferð þess fram undir hans stjórn 17. janúar sl. Það var síðan endurupptekið að frumkvæði dómarans 12. febrúar sl. samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 í því skyni, að lögmenn málsaðila öfluðu frekari gagna um sóknaraðild málsins vegna mótmæla lögmanns stefnda þar að lútandi. Lögmaður stefnda mótmælti meðferð dómarans og taldi 104. gr. laga nr. 91/1991 ekki eiga við í þessu efni. Dómari málsins kvað upp úrskurð um endurupptöku málsins í sama þinghaldi. Þá voru lögð fram ný gögn og skýrsla tekin af Presti Magnússyni, Guðmundi Erni Ingólfssyni og Jóni Ágústi Pálmasyni.

Í þinghaldi, sem fram fór 14. febrúar sl., gerði lögmaður stefnda kröfu um, að dómari, Jón L. Arnalds, viki sæti á grundvelli b- og g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991.

Með úrskurði, upp kveðnum 20. febrúar sl., úrskurðaði Jón L. Arnalds sig frá málinu, og í framhaldi þess úrskurðar var undirrituðum dómara falin meðferð þess.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 200.000 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1996, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga. Enn fremur krefst stefnandi miskabóta til handa höfundaréttarhöfum, svo sem hann skilgreinir nánar í sundurliðun kröfu sinnar, sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Stefnandi gerir einnig kröfu um, að eintök þess korts, sem dreift hefur verið, verði innkölluð og upplag, þ. e. öll óseld eintök, verði gert upptækt til handa stefnanda. Stefnandi gerir sömu kröfu um myndir og filmur, sem

varða undirbúning eða framkvæmd brots. Loks gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflyttingsþóknun. Jafnframt krefst stefndi, að málskostnaður verði dæmdur sér, eins og málið væri eigi gjaf-sóknarmál.

Stefnda var veitt gafsókn í málinu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. janúar 1996.

Aðild.

Stefnandi kveður Myndstef vera samtök u. þ. b. 800 myndhöfunda, sem flestir séu félagsmenn Sambands íslenskra myndlistarmanna, Ljósmyndarafélags Íslands, Félags íslenskra teiknara, Félags grafískra teiknara, Arkitektafélags Íslands og deildar leikmynda- og búningahöfunda í FÍL (Félagi íslenskra leikara). Auk þess hafi nokkrir aðilar, svo sem erfingjar höfunda o. fl., einstaklingsaðild að Myndstefi. Í lögum allra ofangreindra félaga sé ákvæði um skylduaðild félagsmanna að Myndstefi og jafnframt, að þeir séu bundnir af samþykktum Myndstefs. Allir félagsmenn Myndstefs með einstaklingsaðild og reyndar fjöldi annarra félagsmanna hafi veitt Myndstefi sérstakt umboð til þess að annast hagsmunagæslu vegna höfundaréttar þeirra, en auk þess liggi fyrir í málinu sérstakt umboð til að höfða mál þetta. Þá hafi Myndstef hlotið lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytis til þess að semja um notkun á höfundarétti samkvæmt 25. gr. höfundalaga. Aðild Myndstefs að þessu máli byggist á því, sem að framan segi, svo og III. kafla eml. nr. 91/1991.

Málavextir.

Málsaðilar deila um ætlað brot stefnda á höfundalögum vegna póstkorts, er hann hannaði og dreifði. Þeir deila enn fremur um skaðabótaskyldu, fjárhæð bóta og um önnur viðurlög vegna hins ætlaða brots. Greinir málsaðila og á um málsatvik og annan grundvöll málsins.

Lýsing stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá, að í tengslum við fimmtíu ára afmæli þjóðhátíðar 1994 hafi ýmsar vörutegundir verið framleiddar og hafðar til sölu við hátíðarhöldin. Sælgætisgerðin Núi-Sírús hafi árið 1994 látið sérhanna konfektöskjur til sölu af þessu tilefni. Á öskjunni sé m. a. ljósmynd Guðmundar Ingólfssonar af Þingvallabæ svo og þjóðhátíðarmerki Jóns Ágústssonar, og hafi Núi-Sírús aflað allra réttra heimilda til þess að birta umrædda mynd og merki og greitt fyrir þá notkun umkrafa þóknun.

Í desembermánuði hafi stefndi farið að dreifa í verslanir póstkorti, sem sé nákvæm eftirgerð af loki konfektöskjunnar að því viðbættu, að sett hafi verið fimm frímerki, hönnuð af Presti Magnússyni, hvert í sitt horn öskjuloksins og miðju þess. Stefndi hafi staðið fyrir gerð þessa póstkorts og jafnframt látið prenta á það, að hann sé höfundur þess.

Á frímerki á miðju kortsins sé mynd af Gísla Sveinssyni, fyrrverandi forseta sameinaðs þings, og enn fremur mynd af lýðveldishátíðarmerki 1944, en höfundur þess hafi verið Stefán Jónsson, og fari erfingjar með höfundarrétt að verkum hans. Stefndi hafi ekki haft samband við nokkurn þeirra, sem fari með höfundarrétt að þeim myndverkum, sem notuð séu á póstkortinu, og því ekki fengið leyfi til né boðið fram neina greiðslu vegna þessarar myndverkanotkunar. Þá hafi stefndi ekki heldur leitað til Íslensku auglýsingastofunnar, sem hafi hannað öskjuna, og hvorki haft samband við sөлgætisgerðina Nóa-Síríus né Póst- og símamálastjórn vegna frímerkjanna. Útgáfa og dreifing þessa póstkorts brjóti því í bága við mörg ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, sbr. og breytingu á þeim lögum með lögum nr. 57/1992, og vísist í því sambandi til lagaraka hér að neðan.

Stefnukrafa málsins sundurlíðist á eftirfarandi hátt og byggist á gjaldskrá Myndstefs, sem liggir frammi í málinu.

Vegna ljósmyndar Guðmundar Ingólfssonar	kr.	15.000
Miskabætur vegna óleyfilegrar notkunar	—	10.000
Vegna myndverka Þrastar Magnússonar á fimm frímerkjum	—	75.000
Miskabætur vegna óleyfilegrar notkunar	—	50.000
Vegna þjóðhátíðarmerkis Jóns Ágúst Pálmasonar	—	15.000
Miskabætur vegna óleyfilegrar notkunar	—	10.000
Vegna lýðveldismerkis Stefáns Jónssonar (á frímerki)	—	15.000
Miskabætur vegna óleyfilegrar notkunar	—	10.000
Samtals	kr.	200.000

Lýsing stefnda.

Stefndi skýrir á hinn bóginn svo frá, að hann starfi sem gælumaður á Hlemmi og hafi unnið að ýmiss konar listsköpun og hönnun, sem sérstaklega tengist áhugamálum sínum, sem séu frímerkjasöfnun og landkynning. Hann sé ekki og hafi ekki verið félagsmaður í Myndstefi (Myndhöfundasjóði Íslands).

Stefndi hafi m. a. hannað nokkur listaverk, er hann hafi dreift sem kortum, með það sérstaklega í huga að kynna list sína, um leið og hann kynni land og þjóð með útgáfu minjagripa. Þessi verk séu unnin á sama hátt og

önnur verk stefnda, þ. e. a. s. eitt verk sé gert með samansafni af mörgum smáum, sérstakri uppröðun og útfærslum, þannig, að úr verði heildstætt verk. Líkja megi þessari listsköpun við verk margra frægra meistara, sem klippi saman ýmsar myndir, svo að úr verði ein mynd, sbr. klippi- og myndvarpamyndir Errós, svo að eitthvað sé nefnt. Falli stefndi væntanlega undir þann flokk listamanna, sem kunnáttumenn nefni „naivista“.

Stefndi hafi síðastliðin 20 ár safnað frímerkjum sérstaklega tengdum þjóðhátíðardegi Íslendinga. Þannig hafi hann safnað frímerkjum, út gefnum í tilefni lýðveldisafmælis okkar 17. júní 1974. Þessi frímerki hafi hann límt á listrænan hátt á teikningu af Almannagjá á Þingvöllum og látið síðan stimpla teikninguna og frímerkin með sérstökum þjóðhátíðarstimpli. Þetta verk hafi hann síðar gefið út í tölusettum eintökum.

Árið 1984 hafi verið gefið út frímerki í tilefni lýðveldisdagsins. Þessu merki hafi stefndi bætt við á fyrra listaverk sitt ásamt stimpli og nú síðast sett forsetafrímerki þau, er út voru gefin í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, sem haldið var á Þingvöllum, á fyrrgreint listaverk og á sérstakan konfektikassa, er Nói-Síríus hafi gefið út í tölusettum eintakafjölda í tilefni hátíðarinnar, og látið stimpla verkin með þjóðhátíðarstimplinum. Telji stefndi sig, sem hafi einnig sérstakan áhuga á landkynningu og markaðssetningu Íslands með það að markmiði að auka ferðamannastraum til landsins, samræma þessi áhugamál sín og listsköpun sína á þennan hátt.

Stefndi hafi leitað álits bæði hjá Pósti og síma og Nóa-Síríus, áður en hann hafi ákveðið, með hvaða hætti hann ætti að dreifa list sinni. Hjá Pósti og síma hafi honum verið tjáð, að stofnunin léti allt slíkt óátalið, og hefði það verið venja hjá þeim alla tíð. Hjá Nóa-Síríus hafi hann fengið þau svör, að fyrirtækið vildi ekki verða fyrir neinum kostnaði vegna hugmyndar hans.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Myndstef f. h. þeirra höfundarréttarhafa, sem að framan er lýst, styður kröfur sínar því, að stefndi hafi í heimildarleysi og án greiðslu þóknunar birt umrædd myndverk á korti því, sem hann hafi gefið út fyrir síðustu jól og dreift í verslanir í ábataskyni. Ljóst sé, að sjaldan eða aldrei hafa birst jafnmörg höfundarréttarbrot á jafnlitlum fleti. Nafna höfunda sé hvergi getið á umræddu korti, og sé þar með brotinn sæmdarréttur þeirra, sbr. 4. gr. höfundalaga. En ekki nóg með það, stefndi nefni sjálfan sig höfund kortsins. Hér sé því um að ræða alvarlegt brot á ákvæðum höfundalaga að mati stefnanda.

Myndstef hafi sent stefnda kröfubréf, dags. 21. desember 1994 og 24. janúar 1995, sem stefndi hafi ekki sinnt. Rétt þygi að taka fram, að stefndi hafi

sennilega ekki fengið fyrra bréfið vegna misritunar heimilisfangs, og hafi því bréfið verið sent honum aftur 24. janúar 1995 með nýjum fresti.

Á það megi einnig benda, að stefndi fremji einnig með útgáfu þessa korts brot gegn höfundarrétti Íslensku auglýsingastofunnar og afnotarétti Nóa-Sírúsar á myndverki á konfektöskju. Í máli þessu séu ekki gerðar kröfur f. h. þeirra aðila.

Kröfugerð um þóknun myndbirtinganna reisir stefnandi á almennum reglum kröfuréttarins svo og ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, sbr. og lög nr. 57/1992. Vísar stefnandi m. a. til 1. gr. og 3. gr. höfundalaga í því sambandi. Um aðild stefnanda í málinu vísar hann til III. kafla l. nr. 91/1991, m. a. 19. gr. Um miskabætur vísar stefnandi til 1. og 2. mgr. 4. gr. höfundalaga svo og 56. gr. sömu laga. Krafa um innköllun upplags póstkortsins, sem dreift hafi verið, svo og um upptöku upplags og prentfilma til stefnanda sé studd 1. mgr. 55. gr. höfundalaga, sbr. og 2. mgr. þeirrar greinar, ef ekki verður fallist á upptöku til stefnanda. Krafa um málskostnað sé byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 og vaxtakrafan á III. kafla laga nr. 25/1987. Málið sé höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli 32. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi heldur því aftur á móti fram, að hann hafi ekki brotið rétt á neinum með hönnun og dreifingu á hugverki því, sem hér um ræðir. Verk sitt sé sjálfstætt og heildstætt andlegt starf sitt sem listamanns, sem hafi sérstakan áhuga á frimerkjum og almennri kynningu, að því er varði land og þjóð. Hann hafi því beint listrænum hæfileikum sínum inn á þær brautir sérstaklega. Þá mótmælir stefndi því einnig, að þeir aðilar, sem stefnandi sé að verja, eigi þann rétt, sem í stefnu greini. Stefndi vísar sérstaklega í 5., 6. og 14. gr. höfundalaga nr. 73/1972 ásamt síðari breytingum máli sínu til stuðnings.

Stefndi bendir á hinn bóginn á það, að nauðsynlegt sé að kanna, hvort stefnandi eigi einhvern rétt á þóknun eða bótum úr sinni hendi, sé það álit dómsins, að hann hafi brotið gegn ákvæðum höfundalaga. Kröfugerð stefnanda sé nokkuð óljós og óskýr, en þó ekki þannig, að frávísun varði. Í kröfugerð sé stefndi krafinn um greiðslu „skuldar“, að fjárhæð 200.000 kr., auk málskostnaðar, en síðan segi: „Enn fremur er krafist til handa höfundarréttarhöfum miskabóta, eins og skilgreint er í sundurliðun kröfu hér á eftir.“ Í sundurliðuninni, sem vísað sé til hér að framan og hljóði upp á kröfufjárhæðina 200.000 kr., virðist miskabæturnar vera hluti af skuldinni. Stefndi telji sig þannig eiga kröfu á hendur stefnda, að fjárhæð 120.000 kr., samkvæmt gjaldskrá sinni og vegna miskabóta 80.000 kr.

Um þann hluta kröfunnar, sem rökstuddur sé með vísan til gjaldskrár stefnanda, hafnar stefndi með öllu því, að hann hafi stofnað til einhverrar skuldar gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekki gert neinn samning við stefnanda, né heldur telji hann sig vera samningsbundinn honum á neinn hátt í skilningi höfundarréttar eða samninga- og kröfuréttar. Stefndi hafi því hvorki samið við stefnanda um greiðslur samkvæmt gjaldskrá Myndstefs, sem hann telji í raun ólögmæta, né um greiðslu miskabóta. Verði því að álíta, að krafa stefnanda sé reist á ólögmætum grunni, og því beri að sýkna stefnda af þeim hluta kröfunnar, sem studd sé fram lagðri gjaldskrá.

Verði litið svo á, sem eindregið sé mótmælt af hálfu stefnda, að túlka megi kröfu stefnanda á þann hátt, að hann sé að krefja stefnda um skaðabætur í stað greiðslu skuldar, sé því algerlega hafnað, að 1. mgr. 56. gr. höfundalaga veiti stefnanda rétt til skaðabóta. Þannig telji stefndi, að bótareglur höfundalaga (56. gr.) veiti stefnanda engan rétt, hvorki til skaðabóta vegna myndbirtinga né miskabóta. Ekkert tjón sé sannað vegna dreifingar listaverkanna og verði ekki sannað með gjaldskránni.

Að því er verði miskabótakröfuna, 80.000 kr., sem væntanlega verði að skilja frá „skuldinni“, verði ekki séð, að skilyrði miskabóta skv. 2. mgr. 56. gr. höfundalaga komi til greina, m. a. á þeirri forsendu, að stefndi hafi ekki sýnt af sér ólögmæta háttsemi á nokkurn hátt, sem sé þó skilyrði miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá verði ekki heldur fallist á, að listsköpun stefnda í máli þessu hafi valdið stefnanda andlegum sárindum, vanlíðan, hneisu eða neinu því um líku, sem fella mætti undir hugtakið miskabætur.

EKKI sé heldur unnt að beita auðgunarreglu 3. mgr. 56. gr. höfundalaga við ákvörðun bóta stefnanda til handa, þar sem ekki sé misgert við neinn og stefndi hafi engan fjárhagslegan ávinning haft af því að koma verkum sínum á framfæri með þeim hætti, sem hann hafi gert. Engin sönnuð auðgun hafi orðið, og geti stefndi sýnt fram á það, verði þess óskað.

Því sé algjörlega mótmælt, að þau eintök kortsins, sem dreift hafi verið, verði innkölluð og allt upplag af óseldum kortum gert upptækt til handa stefnanda, með vísan til framangreindra raka, sem lýst sé hér að framan til stuðnings sýknukröfu stefnda.

Verði niðurstaða dómans á þá leið, að stefndi hafi með einhverjum hætti brotið gegn rétti stefnanda, sé þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður, og vísað sérstaklega til þess, að stefnandi hafi ekki haft umboð þeirra aðila, sem hann sé að vernda með málsókn þessari, þegar hann hafi sent innheimtubréf 24. janúar 1995, enda hafi þeir ekki verið félagsmenn í félagi stefnanda á þeim tíma. Á grundvelli þess hafi stefnda ekki borið að verða

við kröfu stefnanda. Stefndi hafi því ekki átt þess kost, fyrr en eftir að stefna var birt honum, að verða við kröfum stefnanda, þ. e. a. s., eftir að hann hefði öðlast rétt til að gæta hagsmuna þeirra.

Framangreind rök leiði til þess, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda. Málskostnaðarkrafan sé studd XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Forsendur og niðurstaða.

Á umræddu póstkorti eru fimm frímerki, sem hönnuð voru af Presti Magnússyni. Þróstur Magnússon lýsti í munnlegri skýrslutöku, hvernig hann hefði unnið að gerð myndanna, sem notaðar eru á frímerkinn. Í sérstakri yfirlýsingu frá Póst- og síamámálastofnun, dags. 8. febrúar 1996, sem liggur frammi í málinu, er lýst yfir því, að Þróstur sé höfundur frímerkjanna. Segir í yfirlýsingunni, að Póst- og síamámálastofnun eigi ótakmarkaðan birtingarrétt á myndunum, hvort sem er á frímerkjum eða vegna annarrar kynningar- og útgáfustarfsemi á vegum stofnunarinnar. Notkun annarra aðila á þessu myndefni sé stofnuninni óviðkomandi og háð leyfi Prastar Magnússonar. Þá hefur verið lagt fram rit um íslenska lýðveldið 50 ára, út gefið af Pósti og síma, þar sem höfundarréttur Prastar á umræddum frímerkjum er staðfestur.

Einnig liggur fyrir, að á kortinu er ljósmynd af Þingvallabæ eftir Guðmund Ingólfsson. Í fram lögðu bréfi Íslensku auglýsingastofunnar hf., dags. 6. febrúar 1996, er staðfest, að Guðmundur hafi tekið myndina og auglýsingastofan fyrir hönd Nóa-Síríus keypt birtingarrétt af honum. Birtingarrétturinn hafi einungis náð til notkunar myndarinnar á umræddum konfekt-kassa. Lýsti Guðmundur yfir því við munnlega skýrslutöku fyrir dómi, að hann væri höfundur ljósmyndarinnar og hefði framselt höfundarréttinn til notkunar á konfekt-kassan í takmörkuðum eintakafjölda. Hann hefði jafnan framselt höfundarréttinn til takmarkaðrar notkunar.

Á póstkortinu er enn fremur þjóðhátíðarmerki, sem Jón Ágúst Pálmason hannaði. Fyrrverandi framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar 50 ára lýðveldis á Íslandi staðfesti með bréfi, dags. 23. janúar 1996, að Jón Ágúst væri höfundur merkisins. Segir í bréfinu, að þjóðhátíðarnefnd hafi haft heimild til notkunar á merkinu í tengslum við þjóðhátíð 1994, en höfundur eigi allan rétt til annarrar notkunar. Enn fremur liggur fyrir í málinu samkomulag milli Myndstefs og Nóa-Síríus, dags. 7. febrúar 1996, um notkun þjóðhátíðarmerkisins. Lögð hafa verið fram fleiri gögn, er styðja fullyrðingu Jóns Ágústs um höfundarrétt hans.

Á frímerki á miðju kortsins er enn fremur mynd af lýðveldishátíðarmerki

1944, en höfundur þess var Stefán Jónsson. Að mati dómsins breytir hér engu, að fram hafi komið í bók um lýðveldishátíðina 1944, að lýðveldishátíðarnefnd hafi upprunalega átt hugmyndina að útliti merkisins, þar sem um er að ræða höfundarrétt á verki Stefáns, en ekki hugmynd nefndarinnar. Segir í umræddri bók, að nefndin hafi fengið Stefán til þess að fullgera teikningu að þessu merki í fánalitunum.

Dómurinn lítur svo á, að það hafi engin áhrif á rétt ofangreindra höfunda, þótt flest verkin hafi verið unnin eftir pöntun. Sama gildir, þótt aðrir aðilar hafi öðlast ákveðinn rétt til birtingar verkanna með afmörkuðum hætti, þar sem jafnan er um að ræða framsal höfundanna til takmarkaðrar notkunar.

Fyrir liggur í málinu umboð til Myndstefs vegna allra þessara höfunda um að gæta höfundarhagsmuna þeirra, og er umboð Myndstefs til kröfugerðar í málinu ekki vefengt af stefnda.

Ljóst þykir, að umrædd verk njóta höfundarverndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972, enda er um að ræða sköpunarverk, sem hafa að geyma nægilegan frumleika, sjálfstæði og sérkenni til að njóta höfundarréttarverndar.

Á umræddu póstkorti er skýrt tekið fram, að höfundur sé stefndi, Gunnar Friðjónsson.

Dómurinn lítur svo á, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að allar frangreindar myndir og merki nýtu höfundarréttarverndar, og verður hann því talinn hafa valdið höfundunum réttarspjöllum með ólögmætum og saknæmum hætti. Breytir hér engu um, þótt talið verði, að með póstkorti stefnda hefði skapast nýtt sjálfstætt verk, er njóti höfundarréttarverndar, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 73/1972.

Í 1. mgr. 56. gr. höfundalaga segir: „Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.“

Dómurinn telur rétt að miða við tekjumissi viðkomandi höfunda við mat á fjártjóni þeirra. Sé litið til fram lagðrar viðmiðunargjaldskrár vegna birtinga myndverka, m. a. á póstkortum, og umræddrar notkunar, verður að telja, að kröfum stefnanda um bætur fyrir fjártjón sé í hóf stillt. Fram lögð viðmiðunargjaldskrá stefnanda var staðfest af menntamálaráðuneytinu 11. júlí 1995, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1992, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hún brjóti í bága við samkeppnislög nr. 8/1993. Ber því að fallast á þær til handa einstökum höfundum, svo sem stefnandi gerir kröfu til samkvæmt framangreindu, samtals 120.000 kr.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. höfundalaga skal dæma höfundi miskabætur úr

hendi þess, sem raskað hefur rétti hans með ólögmætri háttsemi. Með miskabótum er átt við bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem ekki er unnt að meta til fjár eftir almennum hlutlægum mælikvarða, í þessu tilviki andleg sárindi og hneisu, þar sem stefndi brýtur sæmd höfundar með því að birta eingöngu eigið nafn sem höfundar kortsins. Kröfur stefnanda, 10.000 kr., vegna hvers myndverks fyrir sig, alls 80.000 kr., þykja við hæfi. Ber því einnig að fallast á þær til handa einstökum höfundum, svo sem stefnandi gerir kröfu til samkvæmt framangreindu, samtals 80.000 kr.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda samtals 200.000 kr. í bætur fyrir fjártjón og miska. Við ákvörðun vaxta ber að taka tillit til þess, að stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft umboð til þeirra krafna, sem hann gerir í málinu, er hann hóf fyrstu innheimtuaðgerðir þeirra. Þykir rétt, að fjárhæðin beri vexti, er séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. mars 1995 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir dómsuppsögudag.

Í 55. gr. höfundalaga er kveðið á um tilteknar aðgerðir til að koma í veg fyrir brot á höfundalögum eða draga úr skaðlegum afleiðingum þeirra. Þar er m. a. mælt fyrir um heimild fyrir dómstóla til að beita upptöku á eintökum og munum að nánari skilyrðum fullnægðum. Segir m. a. í 1. mgr., að hafi eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, svo að í bága fari við ákvæði höfundalaga eða fyrirmæli, sem sett hafi verið samkvæmt 2. mgr. 31. gr., megi ákveða í dómi, að eintökin séu gerð upptæk án endurgjalds til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem þó má eigi nema hærri upphæð en framleiðslukostnaði. Þá er einnig tekið fram berum orðum, að hið sama eigi við um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir. Ekki er skilyrði í þessu sambandi, að refsíákvæði 54. gr. höfundalaga sé beitt vegna hlutaðeigandi brots á lög-unum, enda skiptir eigi máli um beitingu ákvæðisins, hvort eintökin hafa verið gerð með saknæmum hætti eða í grandleysi.

Í 3. mgr. 55. gr. höfundalaga er tekið fram, að upptöku verði ekki beitt gagnvart aðilum, sem hafi eignast í grandleysi eintak eða eintök til einkana-nota.

Þegar litið er til hagsmuna umræddra höfunda og megintilgangs laganna um vernd höfundarréttar, þykir rétt að taka tillit til óska þeirra, sem mis-

gert var við, um upptöku þeim til handa endurgjaldslaust. Verður því fallist á kröfur stefnanda í þessu efni, sbr. þó áðurgreinda 3. mgr. 55. gr. höfundalaga, þ. e., að ekki verður fallist á upptöku eintaka af korti stefnda, sem hann hefur ráðstafað.

Eftir atvikum og samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda alls 70.000 kr. í málskostnað. Stefndi hefur fengið gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 4. janúar 1996. Gjafsóknarkostnaður stefnda, þ. m. t. laun talsmanns hans, samtals 100.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Friðjónsson, greiði stefnanda, Myndstefi, 200.000 kr. ásamt vöxtum, sem séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. mars 1995 til 28. maí 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 70.000 kr. í málskostnað. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 28. maí 1997.

Öll eintök af póstkorti stefnda, sem hann hefur umráð yfir, svo og myndir og filmur af því skulu gerð upptæk endurgjaldslaust til stefnanda.

Gjafsóknarkostnaður stefnda, þ. m. t. þóknun talsmanns hans, samtals 100.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðist úr ríkissjóði.
